

4. gr.

Á vetrarvertíð er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski, ýsu eða ufsa á timabilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

5. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskípi, sem stundar veiðar með nót eða þorskanetum, er bannað að kasta slógi útbyrðis á veiðisvæðinu.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gerð þorsk- og ýsunóta nr. 179 4. júlí 1968.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 10. júní 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Ingvarssonar, Miðskála, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. júní 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Ingvarssonar, Miðskála.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Ingvarssonar, Miðskála.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru erfingjar Árna Ingvarssonar, samkvæmt undirskrifuðu erfðaafsali þeirra svo hljóðandi:

„Áform okkar er að stofna sjóð með eftirlátnum eignum Árna, sem beri nafn hans og verði sjóðurinn ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Samkvæmt yfirlýsingu Árna á 70 ára afmæli hans verði vöxtum af sjóðnum varið til að efla söngmennt kirkjum Vestur-Eyjafjallahrepps, . . . “

3. gr.

Höfuðstóll stofnsjóðs miðast við inneign í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, 1. janúar 1969 að upphæð kr. 237 015.93, að viðbættum eignum Árna Ingvarssonar, metnum á kr. 1443.35. Samtals kr. 238 459.28 (tvö hundruð þrjátíu og átta þúsund, fjögur hundruð og fimmtíu og níu 28/100). Þennan höfuðstól má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú Vestur-Eyfellingar: Sóknarprestur Holtsprestakalls, sóknarnefndarformaður Ásólfskálásóknar og sóknarnefndarformaður Stóradals-sóknar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans og sömuleiðis halda gjörðabók um framkvæmdir og úthlutanir.

6. gr.

Tekjum sjóðsins (vöxtum) skal skipta til helminga milli Ásólfskálakirkjusafnaðar og Stóradalskirkjusafnaðar. Annast stjórn sjóðsins árlega um útborgun þeirra og hlutast til um, í samráði við sóknarnefndir og stjórnir kirkjukóra við fyrrgreindar kirkjur, að tekjunum sé ávallt varið til söngmenntar.

7. gr.

Komi ár, sem tekjunum (vöxtunum) er ekki úthlutað, skal leggja þá við höfuðstólinn það ár.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

F. h. sjóðsstjórnar,
Halldór Gunnarsson,
Holti.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, nr. 143, 1. júní 1966.

1. gr.

Á undan 1. málsgrein 2. gr. reglugerðar nr. 143/1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, komi ný málsgrein, sem verður 1. málsgrein, svo hljóðandi:

Sérleyfi til fólksflutninga á hverri einstakri leið veitir þeim aðila, sem starf-rækir sérleyfisferðirnar, rétt til þátttöku í hópferðaakstri með tveim bifreiðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds. Auk þess fá sérleyfishafar rétt til að nota fastabifreiðar á sérleyfisleiðum sem varabifreiðar í hópferðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds, þegar þær eru ekki bundnar í sérleyfisferðum. Óski sérleyfishafi þátttöku í hópferðaakstri með fleiri bifreiðum en að framan greinir, skal hann greiða fyrir það hópferðaréttindagjald, samanber 3. málsgrein þessarar greinar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, sbr. lög nr. 73/1966, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.